

LYKILUPPLÝSINGAR FJÁRFESTA

Í skjali þessu er að finna lykilupplýsingar um þennan sjóð. Skjalið er ekki markaðsefni. Upplýsingar þessar eru settar fram á grundvelli laga til að hjálpa þér að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Þér er ráðlagt að lesa skjalið svo þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort rétt sé að fjárfesta í sjóðnum.

IS Úrvalsvísitölusjóðurinn, sjóðsdeild í Verðbréfasjóðum Íslandssjóða
(Kt. 5404895809, ISIN: IS0000004299)

Sjóður þessi er rekinn af Íslandssjóðum hf. (kt. 690694-2719), dótturfélagi Íslandsbanka hf.

MARKMIÐ OG FJÁRFESTINGARSTEFNA

Markmið

Markmið sjóðsins er að ná sömu ávöxtun og Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hf. með vægisþaki (OMX110 Cap ISK) að teknu tilliti til kostnaðar.

Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn er vísitölusjóður, sbr. 68. grein laga nr. 116/2021, og fjárfestir í hlutabréfum sem skráð eru í Kauphöll Íslands og skal vægi hvers félags endurspeglja vægi þess í Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands með vægisþaki (OMX110 Cap ISK). Sem vísitölusjóður stundar sjóðurinn svokallaða hlutlausu stýringu þ.e. hefur að markmiði að endurspeglja Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands.

Viðmið

Viðmiðunarvísitala sjóðsins er OMX110 Cap ISK.

Arður

Sjóðurinn er vaxtarsjóður, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól. Ekki er greiddur arður af eignarhlutdeild í sjóðnum.

Fjárfestingartímabil

Ráðlegging: sjóður þessi gæti verið óhentugur fyrir fjárfesta sem hyggjast taka fé sitt út innan 5 ára.

Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini alla virka daga. Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 15.00 eru afgreiddar að tveimur dögum liðnum. Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta afgreiðast að þremur dögum liðnum.

Lágmarksfjárhæð viðskipta eru 10.000 kr. og 5.000 kr. í áskrift.

ÁHÆTTA OG ÁVÖXTUN



1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Áhættumælikvarðinn mælir áhættuna vegna verðsveiflna. Mælingin byggir á sögulegum vikulegum gögnum um verðsveiflur sjóðsins síðustu 5 ár. Sjóðurinn mælist í 6. flokki áhættumatsins. Það þýðir að kaupum á hlutdeildarskírteinum sjóðsins fylgir þó nokkur hættu á verðsveiflum. Áhættumælikvarðinn getur breyst milli tímabila.

Takmarkanir áhættumælikvarðans:

- Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð
- Áhættuflokkunin sem er sýnd hér að ofan er ekki tryggð og gæti breyst
- Lægsta áhættuflokkunin merkir ekki „áhættulaus“

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum en áhættumælikvarðinn nær ekki yfir eru útlánaáhætta, lausafjáraáhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta.

Fjárfesting í verðbréfasjóði er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í verðbréfasjóðum, þannig getur eignarhlutdeild í verðbréfasjóði rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í.

Nánari umfjöllun um áhættu er að finna í útboðslýsingu sjóðsins á www.islandssjodir.is

GJÖLD FYRIR ÞENNA SJÓÐ

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.


Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu	
Gjald við kaup	1,00%
Gjald við sölu	0,00%
Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af fé þínu áður en fjárfest er og áður en afrakstur af fjárfestingu þinni er greiddur út.	
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli	
Viðvarandi gjöld	0,49%
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum við tiltekna aðstæður	
Árangurstengd þóknun	Á ekki við

Gjöld vegna kaupa og sölu eru hámarksgjöld sem rekstrarfélaginu er heimilt að innheimta skv. reglum sjóðsins. Í sumum tilfellum er mögulegt að gjaldið sé lægra, en upplýsingar um slíkt má nálgast hjá söluaðila sjóðsins.

Viðvarandi gjöld eru byggð á útgjöldum ársins 2021. Fjárhæð þeirra kann að vera breytileg frá ári til árs. Undanskilinn er viðskiptakostnaður vegna eignasafns.

Frekari upplýsingar um gjöld er að finna í útboðslýsingu sjóðsins á www.islandssjodir.is

FYRRI ÁRANGUR



Ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

Allar ávöxtunartölur eru í ISK að frádregnum kostnaði (umsjónarlaunum, viðskiptakostnaði og öðrum kostnaði sem fellur á sjóðinn).

Gjaldmiðill sjóðsins er ISK.

Sjóðurinn hóf rekstur þann 31. desember 1990.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Vörsluaðili:	Íslandsbanki hf.
Nánari upplýsingar:	Frekari upplýsingar um sjóðinn, útboðslýsingu sjóðsins í fullri lengd, almenna viðskiptaskilmála, upplýsingablað, gengi sjóðsins og ársskýrslur frá Íslandssjóðum má nálgast á www.islandssjodir.is . Upplýsingar um starfskjarastefnu Íslandssjóða og samsetningu starfskjaranefndar má nálgast á www.islandssjodir.is/um-islandssjodi/stjorn-og-undirnefndir/ . Prentuð eintök eru einnig fáanleg án endurgjalds á skrifstofu Íslandssjóða að Hagasmára 3. Lykilupplýsingar þessar lýsa deild í Verðbréfasjóðum Íslandssjóða. Eignir og skuldir sjóðsdeildarinnar eru aðgreindar frá öðrum sjóðsdeildum skv. lögum. Flutningur milli sjóðsdeilda fer eftir sömu reglum og gilda um tilhögun viðskipta.
Skattar:	Um skattlagningu hagnaðar af hlutdeildarskírteinum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996 ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Íslandsbanki, vörsluaðili Íslandssjóða, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti skv. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Frekari skattlagning getur þó komið til. Vakin skal athygli á því að skattameðferðin ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Um erlenda aðila gilda reglur þess ríkis sem viðkomandi hefur skattalegt heimilisfesti í. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðnum.
Ábyrgð:	Íslandssjóðir hf. er einungis ábyrgt fyrir yfirlýsingum í þessu skjali sem kunna að reynast vera villandi, rangar eða ekki í fullu samræmi við hluta af útboðslýsingu sjóðsins.

Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Íslandssjóðir hf. hafa starfsleyfi á Íslandi og heyrja undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Þessar lykilupplýsingar eru réttar m.v. 15. nóvember 2022.